

12. fundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 10.mars 2011 á skrifstofu sambandsins og hófst klukkan 17.00

Mætt voru: Sigurjón, Guðjón, Kári og Gry. Birgir boðaði forföll.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
2. Dómarapróf.
Fyrirhugað er að halda dómarapróf og byrjendamót 7.maí nk. Borist hefur bréf frá Kraftlyftingafélagi Garðabæjar þar sem þeir benda á að þessi dagsetning er óheppileg fyrir þá sem eru í framhaldsskóla og í miðjum prófum um þetta leyti.
Aðgerð: Gry hefur samband við Helga og Hörð og athugar með aðra dagsetningu, t.d. 4.júni
3. Fundur með formönnum.
Ákveðið var að boða formönnum til fundar í tengslum við dómaraprófið.
4. Erindi frá Íþróttabandalagi fatlaðra.
Umsókn hefur borist frá ÍF um aukaaðild að Kraft fyrir þá einstaklinga innan þess sem stunda kraftlyftingar. Stjórnin tók vel í umsóknina og mun skoða hvernig er best að útfæra hana.
Aðgerð: Málið verður skoðað betur og tekið fyrir á næsta fundi.
5. Fjármál.
Ákveðið var að fara þess á leit við skoðunarmann sambandsins, Jóhann Pétur Sturluson, að hann geri ársfjórðungsleg reikningsuppgjör.
Aðgerð: Sigurjón ræði við Jóhann og Kári vinnur með honum ef af þessu verður.
6. Stofnun nýrra félaga
Áfram er unnið í málum á Fáskrúðsfirði og Húsavík.
Aðgerð: Sigurjón talar við menn á Húsavík. Guðjón hefur samband við Fáskrúðsfjörð.
7. Mótamál.
Ákveðið var að halda byrjendamót í samband við dómaraprófið og auglýsa þegar endanleg dagsetning liggur fyrir.
Aðgerð: Gry kannar áhuga Breiðabliks á að halda byrjendamótið.
8. Skráning og utanumhald.
Kári mun vinna á Goodlift á ÍM í Njarðvíkum og kenna um leið heimamönnum á kerfið. Framtíðarstefnan er að öll félög hafi aðgang að kerfinu og kunna á það.
Kára var um leið þakkað með lófataki fyrir sitt mikla vinnu- og rannsóknarframlag í gagnabankanum results.kraft.is
9. Reglugerðir
Gry lagði fram tillögur að reglugerð um fastanefndir og fékk þakkir fyrir. Drögin verða rædd áfram og unnin frekar. Þessar tillögur voru samþykktar:

- **Mótanefnd:** Birgir verður formaður nefndar og fær til liðs við sig tvo menn, t.d. Stefán Sturla Svavarsson og Halldór Eyþórsson. **Aðgerð:** **Birgir** mannar nefndina
- **Fræðslunefnd:** Gry verður formaður og fær til liðs við sig tvo, t.d. Bryndísi Ólafsdóttur og Sturla Svavarsson. Nefndin gerir sjálf tillögu um verkefni. **Aðgerð:** **Gry** mannar og heldur fund með nefndinni.
- **Dómaranefnd:** Helgi Hauksson verður formaður nefndarinnar og fær til liðs við sig Hörð Magnússon og etv þriðja mann. Nefndin skoðar og gerir athugasemdir við tillögur að verkefnum. **Aðgerð:** **Gry** hefur samband við nefndarmenn og kynnir málið.
- **Útbreiðslunefnd** er skipuð Sigurjóni Péturssyni og Guðjóni Hafliðasyni
- **Fjölmíðlanefnd:** Hjalti Árnason verður fulltrúi stjórnar í nefndinni. **Aðgerð:** **Guðjón** ræðir við Kraftlyftingafélag Seltjarnarness og kannar áhuga þeirra á að taka þátt í þessu starfi.
- **Landsliðsnefnd:** Guðjón er formaður nefndar. Fram kom tillaga um að bjóða Klaus Jensen sæti í nefndinni. **Aðgerð:** **Guðjón** mannar nefndina.
- **Fjáröflunarnefnd:** Sigurjón er formaður nefndarinnar. Fram kom tillaga um að bjóða Kristjáni Gunnarssyni sæti í nefndinni og kanna áhuga Zetora á að starfa í henni. **Aðgerð:** **Sigurjón** mannar nefndina. Guðjón ræðir þessi mál við Zetora og kannar áhuga þeirra og möguleika á að starfa í fjáröflun og öflun styrktaraðila.

10. Alþjóðadómarar

Hörður Magnússon og Klaus Jensen munu báðir sækja referees clinic á árinu til að endurnýja og öðlast alþjóðadómaraéttindi. Kraft mun styðja þá með því að greiða gjöld í tengslum við prófin og ferðir á prófstað. Lagt er til að þetta fari fram í tengslum við Evrópumótið í byrjun maí. Leitað verður eftir því við Helga Hauksson að hann dæmi á Heimsmeistarmótið í nóvember.

Aðgerð: **Gry** hefur samband við þá og staðfestir þátttöku þeirra.

11. Starfsskýrslur

Nú eiga öll félög að vera búin að skila starfsskýrslum og sambandið þarf að skila sinni fyrir 15. apríl.

Aðgerð: **Gry** er með málið.

12. Sala á keppnisgræjur sambandsins.

Ákveðið var að selja keppnisgræjur sambandsins á sanngjörnu verði ef kaupandi fæst.

Ákveðið var að kanna sérstaklega áhuga KFA þar sem vitað er að þá vantar löglegt keppnissett. Ákveðið var að metaskífur verði áfram í eigu sambandsins.

Aðgerð: **Guðjón** og **Birgir** láta fara fram mat á verðmæti græjanna og kynna fyrir stjórnina.

13. Landsliðsmál

Ákveðið var að styrkja Auðunn og Maríu til þátttöku á EM og HM á árinu. Sambandið greiðir gjöld, farmiða og gistingu. Ákveðið var að styrkja Júlían Jóhannsson til þátttöku á EM unglunga. Sambandið greiðir gjöld, farmiða og gistingu. Rætt verður nánar við Júlían um þátttöku á HM unglunga. Ákveðið var að sambandið greiði keppnisgjöld og doping fee fyrir þátttakendur alþjóðamótum öldunga/unglinga.

Aðgerð: **Sigurjón** svarar erindi Júlían varðandi þetta.

14. Málþing ÍSí um afreksstefnu íþróttahreyfingarinnar 16.mars nk

Guðjón á einn stjórnarmanna heimangengt þennan dag. Ætlar að reyna að fá annan með sér.

Aðgerð: stjórnin hittist í tengslum við ÍM 12.mars nk og mun ræða málið nánar þá

15. Önnur mál

- Vaknað hefur spurning um lögmæti Þorramóts KFA í febrúar. Ákveðið var að vísa málið til dómara nefndar.

Aðgerð: Guðjón hefur samband við Helga um málið

- Kraftlyftingahandbók. Thelma Ólafsdóttir hefur sent stjórninni erindi vegna verkefnis sem hún er að vinna sem hluta af sínu námi. Stjórnin óskar henni góðs gengis með verkefnið.

Aðgerð: Sigurjón svarar bréfi Thelmu.

- Unglingastarf. Gry sagði frá samskipti við norska sambandið um samstarf milli Noregs og Englands sem Kraft getur fengið aðild að.

Aðgerð: Gry heldur áfram með málið

Fundi slitið 19.10